

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, heitt vatn, nr. 901/2012.

Samkvæmt reglugerð fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237, 4. mars 2011 og orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, heitt vatn, nr. 901/2012, er tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Í ríkissjóð skal greiða sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Innheimta skattsins er miðuð við áætlaða sölu. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Grunnur
Einingaverð	Sala í þéttbýli, húshitun	76,00	1,52	kr./m ³

Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Grunnur
Einingaverð	Sala í þéttbýli, til snjóbræðslu	76,00	1,52	kr./m ³
Einingaverð	Sala í þéttbýli, til iðnaðar	76,00	1,52	

Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Grunnur
Fast verð	A: 15 mm og stærri	19,00	0,38	kr./dag

Fast gjald er hluti af almennum taxa og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er óháð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Fast gjald á heimæð fyrir hús allt að 300 m ³ að stærð	kr. 187.500,00
Umframgjald fyrir hús að stærð 300-1.000 m ³	kr. 226 pr. m ³
Umframgjald fyrir hús að stærð yfir 1.000 m ³	kr. 151 pr. m ³
1 rennismælir á grind	kr. 58.820,00

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. desember 2014.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.